**Ed.** **668. Nefndarálit** [197. mál]

um frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum og fengið til viðtals herra Pétur Sigurgeirsson biskup, séra Ólaf Skúlason dómprófast og Þorleif Pálsson deildarstjóra. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur það verið alllengi í smíðum og er vandlega undirbúið. Af hálfu kirkjunnar manna, flestra, er lögð áhersla á að frumvarpið verði að lögum og hefur kirkjuþing mælt með því.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. febr. 1987.

| | | |
|---|---|---|
| Árni Johnsen, varaform., frsm. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr. | Salome Þorkelsdóttir. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Ásta R. Jóhannesdóttir. | Magnús H. Magnússon. |